

Alþingi  
Erindi nr. P 116 / 89  
komudagur 6 / 10 1992



1917-1992  
75  
VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b/t Rögnu Árnadóttur

Reykjavík 2. október 1992.

Verzlunarráð Íslands þakkar fyrir það tækifæri að fá að láta álit sitt í ljós á framkomnu frumvarpi um neytendalán. Á fjölmennum fundi innan Verzlunarráðsins, þar sem sátu aðilar víða að úr viðskiptalífínu komu fram ýmsar athugasemdir.

Almennt má segja að frumvarpið hefur viðtækara gildissvið og leggur mun meiri skyldur á herðar íslenskum aðilum heldur en tilskipanir Evrópubandalagsins (EB) gefa tilefni til. Ef íslensku atvinnulífi verður íþyngt er hætt við að samkeppnisstaða þess versni, verð hækki og jafnvel að afborgunarkjör heyri til undantekninga. Rétt er að benda á að markmið EB með tilskipunum um neytendalán er að vernda neytendur sem neytendur, en ekki til að vernda aðila sem taka lán vegna atvinnu sinnar.

Verzlunarráðið fagnar aukinni upplýsingagjöf til neytenda varðandi lánskjör en telur viðbætur þær sem íslensk stjórnvöld hafa gert varhugaverðar. Aðilar bæði í verslun og þjónustu eru sömu skoðunar.

Hér á eftir fara tillögur Verzlunarráðs Íslands til breytingar á umræddu frumvarpi. Athygli skal vakin á því að breyta þarf númerum á einstökum greinum frumvarpsins ef ábendingar Verzlunarráðsins verða teknar til greina.

#### 1. gr.

Færa þarf gildissvið frumvarpsins til samræmis við tilskipanir EB þannig að það nái einungis til lána sem neytendur taka, en ekki til lána sem aðilar taka viðkomandi atvinnustarfsemi. Að öðrum kosti er verið að leggja geysilega upplýsingaskyldu á fyrirtæki, einkum þegar til þess er litið hversu lánsviðskipti eru tíð í verslunum á milli hinna einstöku stiga viðskipta. Gildissvið frumvarpsins myndi auka kostnað í atvinnulífínu og gera öll verslunarkaup þyngri í vöfum. Benda má á að gildissvið laganna óbreyttra er í mótsögn við ríka aðgæsluskyldu aðila í verslunarkaupum, þó svo þetta stangist ekki á.

Lagt er því til að 1. gr. hljóði svo:

"Lög þessi taka til lánssamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur".

#### 2. gr.

Ekki verður séð að hagnýt rök réttlæti það að hámarksupphæð sé sleppt. Minna má á að tilgangur tilskipunarinnar er að vernda neytendur sem taka lán vegna kaupa á algengum neytendavörum s.s. rafmagnstækjum, bílum, húsgögnum o.p.h. Því er lagt til að hámarksfjárhæðarákvæði tilskipunar EB sé tekið upp í d-lið 2. gr.

Athygli nefndarinnar ber að vekja á b-lið 1. mgr. 2. gr. um orðið "kostnaður". Á þetta orð við um kostnað sem lánveitandi tekur eða gjöld sem hið opinbera innheimtir s.s. stimpilgjald. Fellur lánssamningur undir lögum þó hann sé vaxtalaus og án kostnaðar af hálfu lánveitanda, en stimpilgjaldsskyldur skv. lögum. Við þessu þarf að fást skýrt svar og jafnvel að laga lagatextann.

Lagt er til að d-liður 2. gr. hljóði svo:

"d. Lánssamningar að lægri fjárhæð en 15.000 kr. og að hærri fjárhæð en 1.500.000 kr."

Hús versunarinnar

103 Reykjavík

Sími/Telephone

91-676666 (354-1-676666)

Myndsími/Telefax

91-686564 (354-1-686564)

Telex 2316 Chambr is

### 3. gr.

Í samræmi við 6. gr. tilskipunar EB virðist vanta inn í greinina mikilvægt ákvæði fyrir neytendur (þ.e. eigendur tékkareikninga), þ.e. hvernig samningur verður sagt upp. Því er lögð til eftirfarandi breyting: Á undan setningunni "Þessar upplýsingar skulu staðfestar skriflega" komi svohljóðandi c-liður: "Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp".

Núverandi c-liður verði d-liður og við hann bætist: "Slíkt má gera í reikningsyfirliti eða með áberandi auglýsingum í fjölmiðlum".

### 4. gr.

Með tilvísun til þess sem að framan er sagt um gildissvið laganna er lagt til að b-liður 1. mgr. 4. gr. um lántakendur falli burtu og alls staðar í frumvarpinu þar sem orðið lántakandi kemur fyrir breytist það í neytandi.

### 7. gr.

Í 2. mgr. hafa orði pennaglöp þar sem vísað er í 2. mgr. sbr. orðin "Ákvæði 3.-4. tölul. 2. mgr.". Á væntanlega við 3.-4. mgr. 1. mgr.

### 8. gr.

Í þessu ákvæði er lögð upplýsingaskylda á lánveitendur í 1. ml. sem þeir munu illa geta sinnt enda er þeim gefin undanþága frá skyldunni í 2. ml. Ekki verður séð að EB setji viðlíka upplýsingakröfur. Hér er því um stefnuákvæði að ræða með skyldu sem menn munu í framkvæmd koma sér hjá að uppfylla. Því er lagt til að 8. gr. verði felld burt.

### 9. gr.

Í greininni er hnykkt á þeirri meginreglu íslensk réttar sbr. vaxtalög nr. 25/1987 að aðilum sé almennt heimilt að semja um lánskjör. Í 3. ml. kemur hins vegar þrenging á þessari heimild sem ekki er útskýrð á nokkurn hátt í greinargerð með frumvarpi og virðist með öllu óþörf.

Í 2. mgr. er lögð mjög rík tilkynningaskylda á lánveitendur. Tilkynningaskyldu þessa er mjög erfitt að uppfylla í samfélagi þar sem lánskjör og lánsform eru mismunandi og mönnum almennt frjálst að semja um slíkt. Ef uppfylla ætti þetta ákvæði þyrfti að vera ótvíræð heimild fyrir því að tilkynning í dagblöðum nægði. Í tilskipun EB er slík tilkynningaskylda ekki lögð á lánveitendur. Telja verður nægilegt að neytandinn fái skýrar og ótvíræðar upplýsingar við samningsgerð um lánskjör og við hvaða aðstæður þau geti breyst sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Annað er of íþyngjandi og kostnaðarsamt og erfitt í framkvæmd. Afleiðing slíkrar tilkynningaskyldu myndi einungis minnka úrval lánskjara og hækka lántökukostnað.

Því er lagt til að að 9. gr. hljóði svo:

"Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að lántakandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu breytilegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast".

### 13. gr.

Þessi grein eins og aðrar er mun viðtækari heldur en kröfur í tilskipunum EB, sbr. 3. gr. tilskipunar frá 22. desember 1986. Samkvæmt tilskipunum EB er einungis skylda til þess að veita upplýsingar þar sem nefndar eru í 13. gr. frv. í þeim auglýsingum og tilboðum sem höfð eru uppi í starfsstöð þess sem býður lán. Ekki verður séð af hveru þessar upplýsingar þurfa að vera skyldubundnar í auglýsingum hvort

heldur er í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Verður að telja nægilegt að sníða lagaákvæðið að efni tilskipunar EB og binda það við þann stað þar sem lánssamningur er gerður á. Taka ber fram að eftir sem áður gilda almenn ákvæði um rangar, ófullnægjandi og villandi auglýsingar.

Lagt er til að 13. gr. hljóði svo:

**"Í auglýsingum eða tilboðum á starfsstöð lánveitanda skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar".**

#### 15. gr.

Í 3. kafla er að finna ákvæði um hvernig eigi að bregðast við ef upplýsingaskylda skv. frv. er vanrækt. Ekkert sérstakt er út á 14. gr. að setja og telja verður að þar sé að finna nægilega hvatningu fyrir lánveitendur að sinna upplýsingaskyldu sinni. Það orkar hins vegar mjög svo tvímælis að tengja saman vanræsklu á upplýsingaskyldu og heimild til vanskila. Það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt að verðlauna vanskil og ganga gegn þeirri meginreglu að sá sem veldur vanskilunum beri kostnað af innheimtunni. Kann það að verða í ýmsum tilvikum handhægt að koma lánnum í vanskil a.m.k. ef einhver verðbólga er að ráði. Mun nær er að leggja ótvíræða skaðabótaábyrgð á lánveitanda ef hann vanrækir upplýsingaskyldu sína neytanda til tjóns. Með framangreindum rökstuðningi er lagt til að:

**15. gr. falli burt.**

#### 4. kafli.

Í 4. kafla eru sett ákvæði sem eiga að uppfylla skilyrði 8. gr. tilskipunar EB frá 22. desember 1986 þess efnis að neytandi eigi rétt á að standa skil á skuldbindingum sínum fyrir gjalddaga og eigi þá rétt á sanngjarnri lækkun heildarkostnaðar á móti.

Inn í þennan kafla er hins vegar verið að flækja ýmsum efnisatriðum kröfuréttar og jafnvel réttarfars s.s. 17. gr. og 18. gr., varðandi hvenær lánveitandi geti gjaldfellt kröfur og hvaða formsatriði þurfi að uppfylla áður en krafa skv. 17. gr. er felld í gjalddaga. Hér er verið að teygja sig mun lengra en tilefni er til skv. áður nefndri tilskipun og það án sérstaks rökstuðnings í greinargerð. Almennar reglur kröfuréttar um gjaldfellingu hafa reynst vel og óþarfi að fara setja reiknireglur um vanskilatíma og lánsfjárhæð. Einnig verður að telja að 3. tl. 1. mgr. 17. gr. kæmi neytendum síður en svo til góða, að hægt væri að gjaldfella skuld vegna þess að óskyld skuldbinding sama lánþega væri í vanskilum. Þessar greinar eru óþarfar og telja verður að óæskilegt sé að hreyfa við rótgrónum meginreglum án betri undirbúnings og meiri rökstuðnings. Því er lagt til að 4. kafli verði ein grein, 16. grein sem taki á efni 8. gr. tilskipunarinnar en 17, 18 og 19. grein falli burt.

**"Neytanda skal heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánssamningi fyrir þann tíma sem settur er í lánssamning sem lausnardagur. Greiði neytandi fyrir þennan tíma getur hann krafist lækkunar á lánskostnaði sem nemur þeim vöxtum eða öðrum kostnaði sem greiða átti eftir greiðsludag. Ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu vegna kostnaðar sem er óháður því hvenær greiðsla er innt af hendi".**

#### 5. kafli

Í þessum kafla eru settar reglur um framsal sem breyta nokkuð reglum þeim sem gilda varðandi viðskiptabréf. Sambærileg efnisákvæði er að finna í 9. og 10. gr. tilskipunar EB og er spurning hvort útfærslan er ekki e.t.v. óþægilega ströng og kunní að koma í veg fyrir að viðskiptabréf verði notuð í afborgunarviðskiptum. Benda ber á að eðlilegasta túlkunin á tilskipuninni sé sú að 9. gr. hennar eigi við um almennar kröfur en 10. gr. um viðskiptabréfakröfur.

Því er spurning hvort ekki eigi að tryggja neytendum "tilhlýðilega vernd" með því að skylda aðila sem gera lánssamninga við neytendur til þess að hafa tryggingu vegna hugsanlegra ágalla við viðskiptin fremur en að banna notkun viðskiptabréfa á þessu sviði. Verður að telja að slíkt myndi vera tilhlýðileg vernd fyrir neytendur. Því eru eftirfarandi breytingar lagaðar til.

Við 20. gr. bætist við ný málsgrein og verði 5. mgr:

**"Ákvæði þetta nær þó ekki til viðskiptabréfakrafna".**

21. gr. orðist svo:

"Lánveitandi sem gerir lánsamning með viðskiptabréfi við neytanda skal eiga tryggingu að upphæð 5.000.000 króna vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfunum standa".

#### 6. kafli

Um þennan kafla má segja eins og um annað, hér er verndin teygð of langt og það án rökstuðnings eða að bent sé á þörf á breytingum á gildandi rétti. Skv. 7. gr. tilskipunar EB skal þess gætt að við endurheimt eignar sem seld er með eignarréttarfyrirvara eigi sér ekki stað óeðlileg auðgun. Það verður að teljast óþarfi að setja auk þess sérstakar reglur um lágmarksverð vöru eða staðgreiðsluhlutfall eða um tilkynningar um innheimtu eða sérstakar aðfararreglur. Því er lagt til að kafllinn verði einungis ein grein og verði svohljóðandi, en bent skal á að almennar reglur taka efnislega á framkvæmdaratriðum við endurheimt eignarréttar.:

" Ef söluhlutur er seldur með eignarréttarfyrirvara getur lánveitandi endurheimt hlutinn á grundvelli skriflegs kaupsamnings þar sem skýrt er kveðið á um eignarréttarfyrirvarann. Skilyrði endurheimtunnar er að neytandi sé í vanskilum með afborganir eða lánskostnað.

Þegar söluhlutur er endurheimtur skal við uppgjör á milli aðila lánsamnings reyna að komast sem næst því að þeir verði jafnsettir og ef viðskiptin hefðu ekki átt sér stað.

Ef andvirði söluhlutar er meira en sem nemur eftirstöðvum lánsamnings skal lánveitandi endurgreiða neytanda mismunin. Ef andvirði söluhlutar er minna skal neytandi greiða lánveitanda mismunin.

Við mat á andvirði söluhlutar skal litið til þess hvort slit og rýrnun söluhlutar er eðlilegt og frádráttar vaxta frá endurheimtudegi og til loka lánsamnings".

#### 34-35 gr. - Refsiákvæði

Með refsíákvæðum í þessum lögum vinnst það eitt að gáleysi verður refsivert þar sem um sérrefsilagaákvæði er að ræða, auk þess sem lögaðilar geta orðið ábyrgir. Spurning er hvort rétt sé að refsa fyrir gáleysi vegna vanrækslu á því að fara eftir ákvæðum laganna. Það ætti að vera alveg jafn mikil varnaðaráhrif af því og æskilegra fyrir neytandann að sett yrði ákvæði um skaðabótavernd í stað refsíákvæðis (þó svo að almennar reglur skaðabótaréttar eigi við þó svo að þær séu ekki lögfestar). Því er lagt til að refsíákvæði þessi falli burt en taka ber fram að eftir sem áður verða ásetningsbrot á þessu sviði refsiverð skv. almennum hegningarlögum s.s. fjárvik. Því er lagt til að 35. gr. falli burt en 34. gr. orðist svo:


" Ef tjóni er valdið með broti á lögum þessum telst það bótaskyld í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

Gera má lögaðila að greiða bætur þó svo að sök sannist ekki á neinn tiltekinn starfsmann lögaðilans ef sýnt þykir að einhver starfsmaður lögaðilans hafi gerst brotlegur við ákvæði laga þessara.

Bætur sem dæmdar verða sbr. 1. mgr. má innheimta hjá þeim einstaklingi sem dæmdur er bótaskyldur eða lögaðila þeim sem hann starfaði hjá þegar brotið var framið".

Verslunarráð Íslands er reiðubúið til frekari samvinnu við Efnahags- og viðskiptanefnd og að mæta á fund nefndarinnar til að skýra nánar breytingatillögur ráðsins.

Virðingarfyllt  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Jónas Fr. Jónsson